

**Sp.**

**552. Tillaga til þingsályktunar**

[189. mál]

um bann gegn þátttöku skólanemenda í landsmálastarfsemi.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að banna nemendum í skólum, sem ríkið starfrækir eða styrkir, alla opinbera þátttöku utan skólans í stjórnmalabaráttu landsmanna.

**Greinargerð.**

Skömmu eftir að Alþingi hafði, fyrir nálega 20 árum, sett lög um menntaskóla á Akureyri, hóf Kommúnistaflokkurinn í bænum ákafan flokksáróður í þessari merku stofnun. Tóku sumir af þessum afvegaleiddu nemendum þátt í verkfallsaðgerðum við höfnina og stóðu vörð fyrir uppþotsmenn. Sigurður Guðmundsson skólameistari kunnir illa þessu stjórnleysi og sá, að hin nýstækkaða stofnun gæti ekki orðið þjóðinni að því gagni, sem til var ætlað, ef nemendur stæðu í orustum og slagsmálum niðri við höfn. Ég hafði þá með höndum forstöðu kennslumálanna, og varð það að samkomulagi milli okkar skólameistara, að ég skyldi fyrir hönd stjórnarráðsins rita honum bréf það, sem hér fer á eftir:

„Að gefnu tilefni er þetta tekið fram, viðvíkjandi tveim atriðum um stjórn og aga í skólum landsins:

Nemendur mega ekki hafa nokkur afskipti af stjórnmalum út á við, hvorki í ræðu né riti, né taka þátt í deilum um hagsmunabaráttu félaga eða stétta í landinu, meðan þeir eru nemendur í skólanum.“

Sigurður skólameistari Guðmundsson fylgdi þessum fyrirmælum alla sína stjórnartíð í menntaskólanum á Akureyri. Féllu niður allar deilur við þann skóla sökum réttlátrar einbeitni og röggsemi hans. Eftir að þessi fyrirmæli voru komin í gildi, gerðu byltingarsinnar uppþot og ætluðu að halda áfram sinni fyrri starfsemi. Komu þá aðrir viðvaningar til sögunnar og hótuðu samúðarverkfalli. Skólameistari kvaðst heldur loka skólanum fyrir skólafólkinu, 180 manns, heldur en hafa nemendur í baráttu og illindum niðri á bryggjum til framdráttar einhverjum flokkum eða landsmálahreyfingum. Nemendur beygðu sig þegar í stað fyrir þessari reglu, af því að hún var réttlát og ákveðin.

Þegar Brynjólfur Bjarnason var kennslumálaráðherra, felldi hann úr gildi bréf mitt til skólameistara frá 1. okt. 1930 um þetta efni, og var sú framkvæmd algerlega í samræmi við stefnu Kommúnistaflokksins, sem telur rétt að byrja pólitískan áróður við hörn, þegar þau eru gangfær. Árangurinn kom brátt í ljós. Nemendur í menntaskólanum á Akureyri virðast hafa fullnotað hið nýja leyfi og sent frá sér með stuttu millibili tvær gagnstæðar tillögur um sama pólitíska deilumálið. Í sumum öðrum skólum horfir til vandræða út af þátttöku stálpaðra nemenda í landsmáladeilum og jafnvel róstum utan skólans. Þegar bréf þetta var ritað fyrir nálega 20 árum, var byltingardýrkun svo mikil, að stefna okkar Sigurðar skólameistara Guðmundssonar þótti þá mjög afturhaldskennnd. Nú mun svo komið, að allur þorri þeirra borgara, sem miðskildu þá eðli byltingarstefnunnar, eru nú manna fúsastir til að viðurkenna, að reynslan hafi sýnt, að agaleysi í mörgum skólum landsins sé beinlínis þjóðarvoði. Er þess vegna tími til kominn að búa svo um hnúta, að unglingar í skólum landsins megi njóta friðar við nám, en þeim sé ekki ætlað að standa með annan fótinn í dyrum skólans, en hinn á þrepskildi fangelsisins.